

# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

milli umhverfisstjórnunarsamningi milli umhverfisstjórnunarsamningis og Skógræktar ríkisins.

## I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfisstjórnunarsamningis og Skógræktar ríkisins við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur felld samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

## II. Hlutverk Skógræktar ríkisins

Skógrækt ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisstjórnunarsamningis. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 3/1955 um skógrækt, með síðari breytingum og lögum nr. 22/1966 um viðauka við lög nr. 3/1955

**Verkefni Skógræktar ríkisins samkvæmt lögum eru:**

- að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
- að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
- að stuðla að ræktun skóga og skjólbelta;
- að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skógræðslu lýtur.

## III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Skógræktar ríkisins eru skilgreind í fylgiskjali sem nefnist „Stefnumörkun Skógræktar ríkisins” og er hluti af samningi þessum.

Einnig er meðfylgjandi fylgiskjal sem nefnist „Verkefnaáætlun Skógræktar ríkisins 2011”. Þar eru settir fram mælikvarðar sem mæla árangur verkefna Skógræktarinnar. Skjal þetta mun taka breytingum á hverju ári í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna.

## IV. Ábyrgð og skyldur Skógræktar ríkisins.

Skógrækt ríkisins skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum.

Fjármálastjórn Skógræktar ríkisins skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta, svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Skógrækt ríkisins skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Skógrækt ríkisins skal gera áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

Skógrækt ríkisins skal fyrir 1. desember ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun, verkefnaáætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Skógrækt ríkisins skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og hvernig stofnunni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár.

Skógrækt ríkisins vinnur að jafnri stöðu kynjanna í starfi sínu.

#### V. Ábyrgð og skyldur umhverfisráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið skal kynna Skógrækt ríkisins tímanlega nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Skógræktar ríkisins um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögunum fyrir undangengið ár.

Stefnt skal að því að halda árlega sérstakan fund ráðuneytisins með skógræktarstjóra um málefni sem varða hann sérstaklega.

#### VI. Gagnkvæmar skyldur


Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.


#### VI. Gildistími og endurskoðun samnings


Samningurinn tekur gildi við undirritun. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík 30. desember 2010.

  
Svandís Svavarsdóttir  
umhverfisráðherra



  
Jón Loftsson  
skógræktarstjóri